



TM Software

Origo Veflausnir og sérþróaðar hugbúnaðarlausnir

Framúrskarandi hugbúnaðarþróun

TM Software er framsækið hugbúnaðarfyrirtæki sem vinnur náið með viðskiptavinum sínum, sem koma úr öllum greinum atvinnulífsins, við að uppfylla þarfir þeirra, styrkja þeirra samkeppnisstöðu og hefur frumkvæði að því að skapa virðisaukandi notkun á upplýsingum og upplýsingakerfum þeirra. Hlutverk okkar er meðal annars að þróa sérhæfðan hugbúnað og viðskiptalausnir fyrir Internetið, samþætta lausnir við hin ýmsu innri kerfi og ná fram hnökralausum samskiptum milli kerfa. Þessu til viðbótar sjáum við um þróun, rekstur og viðhald á vefsvæðum margra alþjóðlegra fyrirtækja.

Auk þessa að bjóða tilbúinn hugbúnað bjóðum við upp á fjölbreytta þjónustu með það að markmiði að bæta samkeppnisstöðu viðskiptavina, hagræða og finna lausnir við vandamálum í rekstri þeirra.

- nýjasta þróunartækni
- sérlausnir fyrir fjölbreytt umhverfi
- fullkomin samþætting við fyrirliggjandi rekstrarumhverfi
- skýr skil á arðsemi fjárfestingar

Stefna og markmið

Markmið okkar er að mæta margvíslegum þörfum fyrirtækja með áreiðanlegum hugbúnaðarlausnum. Með þróun á sérlausnum og þjónustu við þær gerum við starfsemi viðskiptavina okkar skilvirkari, bætum samkeppnisstöðu þeirra og aukum verðmæti. Stefna okkar er:

- að veita nýjum og núverandi viðskiptavinum sem besta þjónustu og stuðla að velgengni þeirra.
- að þróa og viðhalda þróunar- og viðskiptaferlum sem gera okkur kleift að standast verkáætlanir okkar fjárhagslega og tímanlega.
- að viðhalda mikilli sérþekkingu á helstu þróunarumhverfum og gagna-grunnum svo sem Microsoft.NET, Java, Oracle og Microsoft SQL.
- að hlúa að aðferðafræði okkar sem hefur mótast af áralangri reynslu af innleiðingum og þjónustu.



„TM Software hefur síðastliðin ár unnið með starfsfólki Tryggingastofnunar ríkisins að þróun greiðslukerfis lífeyrstrygginga, Ölmú, sem er eitt af meginkerfum TR. Við höfum verið mjög ánægð með verkferla og gæðaeftirlit sem TM Software hefur notað við þróun kerfisins og getum óhikað mælt með þeim sem samstarfsaðila við framkvæmd stórra og krefjandi hugbúnaðarverkefna.“

HERMANN ÓLASON,
UPPLÝSINGATÆKNISTJÓRI TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Þróunarferli

Við notumst við Agile aðferðafræði í þróun á hugbúnaði til að tryggja gæði og framúrskarandi þjónustu. Með Agile er lögð áhersla á að minnka áhættu og auka virði í hugbúnaðargerð með því að skila af sér fullnum afurðum í stuttum vinnulotum. Agile á rætur sínar að rekja til japanskra framleiðslufræða meðal annars hjá Toyota. Dæmi um fyrirtæki sem hafa innleitt Agile á síðustu árum eru Google, Yahoo og Microsoft. Meginkostir Agile eru:

- Sveigjanleiki til að bregðast við breytingum
- Gæði innbyggð í afurðir
- Áhersla á virði afurða
- Viðskiptavinurinn ávallt hafður í fyrirrúmi
- Afurðir komast fljótt á markað
- Samkeppnishæfni eykst



Við látum samhengið ráða því hverju sinni hvernig við stýrum verkefnum okkar. Þessi nálgun tryggir aðlögunarhæfni okkar og að við komumst hjá hindrunum sem eru hluti af mörgum öðrum þróunarferlum. Þannig náum við settum markmiðum í viðkomandi verkefnum í stað þess að eyða of löngum tíma í þunglamalega þróunarferla.

Viðskiptavinir okkar

Viðskiptavinir okkar koma úr hinum ýmsu geirum atvinnulífsins. Sem dæmi má taka fjármálastofnanir sem geta nú boðið viðskiptavinum sínum bættu þjónustu og aukinn sveigjanleika með notkun á gagnvirkum veflausnum frá okkur. Ferðaskrifstofur og alþjóðleg flugfélög byggja viðskipti sín í auknu mæli á veflausnum frá okkur þar sem boðið er upp á ferðabókanir á netinu. Með lausnum okkar hafa viðskiptavinir aukið veltu og lækkað kostnað samhliða.

- Bankar og tryggingafélög
- Síma- og fjarskiptafyrirtæki
- Heilbrigðisstofnanir
- Orkufyrirtæki
- Opinberar stofnanir
- Framleiðslufyrirtæki
- Smásölur og verslanir
- Ferða- og flutningsfyrirtæki
- Sveitarfélög

Meðal viðskiptavina okkar eru:

Icelandair

Eimskipafélag Íslands hf.

Reykjavíkurborg

Securitas

Íslenskir aðalverktakar

Íþróttakademían

Allianz

Síminn

Atorka

Marel

Intrum Justitia

SPRON

Netbankinn

Landsvirkjun

Skeljungur

Sjóvá

Tryggingastofnun ríkisins

Ríkisútvarpið

Össur

Glitnir

Origo – sérlausnir

Auk þess að bjóða tilbúna lausnir fyrir atvinnulífið sérhæfum við okkur í gerð sérlausna fyrir viðskiptavinum okkar. Styrkur okkar felst í getu til að takast á við þróun flókinna og umfangsmikilla hugbúnaðarkerfa á öllum stigum, allt frá greiningu og þróun til innleiðingar, þjónustu og hýsingar. Í samræmi við Agile ferla okkar göngum við til verks í nánu samstarfi við viðskiptavinum okkar. Þannig tryggjum við að verkskil uppfylli væntingar þeirra.

Samþætting og gagnasamskipti

Á undanföllum árum hefur viðleitni fyrirtækja til að gera viðskiptaferla skilvirkari og lækka kostnað, samhlíða aukinni þörf á rafrænum samskiptum, leitt af sér aukna þörf fyrir samþættingu hugbúnaðarlausna og gagnasamskipta.

Starfsmenn okkar hafa unnið að mörgum samþáttunarverkefnum þar sem tengja hefur þurft saman margskonar upplýsingakerfi með það að markmiði að einfalda ferla og minnka skráningu viðskiptavina. Notkun upplýsingatækni er í dag orðin óaðskiljanlegur hluti af viðskiptaumhverfi nútímans. Þegar fyrirtæki eiga rafræn gagnasamskipti sín á milli (B2B) eða við neytendur (B2C) kallar það í mörgum tilfellum á samskipti ólíkra upplýsingakerfa.

Veflausnir, vefþjónustur og þjónustumiðuð högun (SOA) gegna veigamiklu hlutverki í samþættingarverkefnum okkar en auk þess bjóðum við tilbúna lausnir og þjónustu við þær í tengslum við samþættingu og gagnasamskipti, s.s. Microsoft Biztalk og WebMethods.



„VYRE býr yfir miklum möguleikum sem auðveldar alla vinnu Ícelandair í framtíðinni. Kerfið er mjög öflugt vefkerfi sem gerir okkur kleift að taka næstu skref og þróa öflugar vef-lausnir í framtíðinni. Farið var í viðamikla vinnu í leit að kerfi sem uppfyllti kröfur okkar og kom það á daginn að Vyre var sú lausn sem við sóttumst eftir.“

HJÖRTUR ÞORGILSSON,
YFIRMAÐUR UPPLÝSINGATÆKNI HJÁ ICELANDAIR

Origo – veflausnir

Við erum sérfræðingar í þróun viðskiptalausna fyrir Netið. Starfsmenn okkar hafa mikla þekkingu á sviði veflausna og hafa unnið að mörgum viðamestu verkefnum á því sviði á Íslandi undanfarin ár. Við bjóðum upp á úrval af tilbúnum veflausnum, til dæmis vefumsjónarkerfi og vefverslanir auk framúrskarandi þjónustu og þekkingu. Við höfum það fram yfir aðra að geta bæði boðið lausnir sem byggja á Microsoft og á Java. Við höfum mikla þekkingu og reynslu á nýjustu þróunaraðferðum svo sem þeim sem tilheyra Web 2.0 hugmyndafræðinni. Þar má nefna AJAX, Microsoft Atlas og innleiðingu á þjónustumiðaðri högun (SOA).

Við greinum þarfir hjá viðskiptavinum okkar og hönnum skilvirkar lausnir til að uppfylla þær. Eftir innleiðingu höldum við viðskiptasambandi okkar áfram og styðjum viðskiptavini okkar til að þeir geti verið í fremstu röð á sínu sviði með notkun á nýjustu tækni.

Lausnir í boði

Webtrends Analytics – vefgreiningarkerfi

BIRTINGARFORM	Internet	Extranet	Intranet	Farsímar og handtölvur
DÆMI UM ÞJÓNUSTUR	Vefgáttir	Fréttabréf	Starfsmannakerfi	Stjórnun sniðmáta
	Stuðningur við mörg tungumál	Persónuleg aðlögun	Stafræn skjalavinnsla	Samnýting efnis milli vefgátta
	Markaðsupplýsingar	Fullkomin textaleit	Umbreyting skráa	Gerð lýsigagna
	Leitarvélabestun	Skjalastjórnun	Stuðningur við vinnuferla	Vefverslanir
	Rafrænar skeytasendingar	XML þjónusta	Viðverukerfi	RSS þræðir

VÖRUR

Vyre **Content XXL** **Webmaster** **Sharepoint**

Samþætting og gagnasamskipti

Fyrirliggjandi tölvukerfi



Eitt af okkar fjölmörgu velheppnuðu verkefnum er þróun á Ölmu sem er nýtt lífeyrstryggingakerfi fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Smíði kerfisins er meðal stærstu hugbúnaðarverkefna í upplýsingatækni á Íslandi. Í hverjum mánuði sér kerfið um útreikning réttinda og greiðslur á yfir 3,5 milljörðum króna til viðskiptavina TR sem er um 30% af árlegri heilbrigðisáætlun ríkisins.


WebTrends®

WebTrends er margverðlaunaður hugbúnaður sem færir þér heildstæðar og nákvæmar greiningar á öllum vefsvæðum fyrirtækisins með því að nota þekktu staðla og mæliaðferðir. Með hugbúnaðinum geta fyrirtæki aukið heimsóknir viðskiptavina á vefsvæði sínu og tryggt endurtekna heimsóknir. WebTrends býður upp á einstaklega fjölbreytta virkni, hvort sem um er að ræða greiningu markaðsherferða, hámarksárangur í nýtingu leitarvéla eða ferlis- og aðgerðagreiningar notenda á vefsvæðum. Ráðgjafar okkar geta aðstoðað þig við að fullnýta þá möguleika sem vefurinn býður upp á með notkun á WebTrends.



■ ■ ■ VYRE™

Vyre Unify er meira en bara vefumsjónarkerfi. Það er hannað til að auðvelda fyrirtækjum að stunda viðskipti á Netinu með einfaldari hætti en áður hefur þekkt og birta gögn sem liggja falin í innri kerfum þannig að eftir þeim er tekið. Með VYRE geturðu þú viðhaldið mörgum vefsvæðum hvort sem um ræðir innri eða ytri vefi. VYRE auðveldar umsjón notenda, utanumhald á skjölum, markaðsefni með stafrænum gögnum. Megintilgangur VYRE er að einfalda, stuðla að samvinnu og ná fullkominni stjórn á efni vefsvæðis allan líftíma þess.



„Undanfarin ár höfum við notið aðstoðar TM Software við að byggja upp vefsvæði okkar og hafa þau tekið miklum framförum. Nú er svo komið að viðskiptavinir SPRON eru orðnir sjálfbærir með flestar þær þjónustur sem SPRON býður upp á og því um augljósa hagræðingu að ræða fyrir okkur. Með framúrskarandi þjónustu og mikilli þekkingu og reynslu hefur TM Software skilað okkur miklu.“

ARNAR ÆGISSON,
FORSTÖÐUMAÐUR UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS SPRON

Kostir WebTrends

- Eftirfylgni með markaðssetningu og einföld greining á hvaða hlutar vefsins virka vel og hverjir ekki.
- Greining á leitarniðurstöðum eftir kostuðum tenglum og venjulegum leitarorðum.
- Framkvæmd á A/B vefprófunum eftir mismunandi forsendum til að mæla nálgun á framsetningu og hvers konar birting hentar best.
- Hægt er að fylgjast með lyklatríðum vefmælingar á stjórnborði sem birtist í tölvu þinni á hverjum morgni.
- Þú getur aukið umferð um vefsvæði þitt og skilvirkni þess með því að greina og lagfæra síður sem eru ekki að vekja áhuga eða skila árangri.
- Með því að velja WebTrends getur þú verið viss um að vera með lausn sem hentar þér í dag og til framtíðar.

Kostir VYRE

- Aukin skilvirkni fæst með minna flækjustigi, betri vinnuferlum og fúmlausum samskiptum notenda.
- Sveigjanlegt og skalanlegt.
- Notendavænt og einfalt sem auðveldar starfsfólki án tækniþekkingar að nota kerfið.
- Stuðlar að verndun hugverkaréttar fyrirtækisins.
- Passar inn í hvaða umhverfi sem er og býður upp á auðvelda samþættingu við fyrirliggjandi kerfi.
- Með notkun opinna staðla fæst hámarks-sveigjanleiki.

content

Með ContentXXL vefumsjónarkerfinu getur þú búið til lifandi og innihaldsrík vefsvæði hratt og auðveldlega. Kerfið byggir á ASP.NET einingum sem tryggir vel mótaða högun og sparar tíma við smíði vefsvæða. Vefumsjónarkerfið er notað af mörgum alþjóðlegum fyrirtækjum í Evrópu og hefur hlotið viðurkenningu sem framúrskarandi Microsoft .NET lausn.



WebMaster

WebMaster vefumsjónarkerfið gerir þér kleift að smíða og viðhalda vefsvæðum og innihaldi þeirra með skipulögðum og einföldum hætti. WebMaster hentar vel fyrir hvers kyns vefsvæði á innri og ytri netum. Högun og uppbygging í WebMaster byggir á einingum sem tryggir skalanleika og gerir fyrirtækjum auðvelt að koma upplýsingum sínum hratt, örugglega og með hagkvæmum hætti á framfæri við viðskiptavini og/eða starfsmenn.



Microsoft Office SharePoint Server 2007

Microsoft SharePoint Server 2007 er hugbúnaður sem einfaldar samstarf starfsmanna. Með honum geta þeir deilt margskonar upplýsingum í veflægu Microsoft umhverfi. Með gáttinni er búið til miðlægt svæði fyrir aðgang, stjórnun og samnýtingu mikilvægra upplýsinga auk þess sem starfsmenn geta átt í gagnvirkum samskiptum um gáttina. Þannig er samvinna hópa add auðvelduð og ferlar gerðir skilvirkari og einfaldari. Sharepoint hefur sannað sig í umhverfi þar sem starfsmenn vinna í hópum, á mörgum stöðum og eru sífellt á ferðinni.

Sérfræðingar TM Software veita ráðgjöf og greina ferla og upplýsingaumhverfi viðskiptavina auk þess að annast uppsetningu, innleiðingu og kennslu á Sharepoint.

Kostir ContentXXL

- Lágur stofnkostnaður.
- Fullbúið grunnkerfi með fjölmörgum kerfiseiningum sem eru tilbúnar til notkunar tryggja mjög stuttan innleiðingartíma og lágmarkar kostnað.
- Hægt er að bæta einingum við kerfið til að uppfylla þarfir þínar og styður þannig við framþróun.
- Eitt leyfi fyrir hvern örgjörva og enginn aukakostnaður fyrir auka vefsvæði, viðbótartungumál eða fleiri notendur.
- Aukin skilvirkni fæst með minnkuðu flækjustigi, einfaldari og betri vinnuferlum og hnökralausum samskiptum notenda.
- Sveigjanlegt, skalanlegt og lagar sig auðveldlega að breyttum þörfum.

Kostir WebMaster

- Sveigjanlegt og skalanlegt.
- Styður við aukna sölu og markaðssetningu á Internetinu.
- Eykur innra upplýsingaflæði.
- Aukin skilvirkni fæst með lægra flækjustigi og betri vinnuferlum.
- Auðvelt í notkun fyrir starfsfólk sem hefur litla tækniþekkingu.
- Högun á WebMaster gerir það að verkum að tengingar við önnur kerfi fyrirtækisins eru auðveldar.

Kostir Sharepoint

- Samþætting við MS Office kerfi, s.s. Word og Excel gerir öll samskipti og samvinnu með gögn hraðvirk og einföld.
- Möguleikar á stigvaxandi uppsetningu þannig að hægt er að innleiða kerfið og hluta þess á þeim hraða sem hentar tíma- og fjárhagsáætlunum fyrirtækisins.
- Eykur framlegð bæði hjá einstaklingum og hópum.
- Stöðluð vinnubrögð sem einfalda vinnu starfsmanna og eykur gæði.
- Auðvelt að stækka og útfæra sérlausnir sem gerir fyrirtækjum kleift að auka samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila með vefgáttum.
- Hröð og hagkvæm innleiðing er tryggð með fjölbreyttri virkni í grunnkerfinu.

